

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Verðlaunasjóð félagsins Landnám“, 6
 útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 11. janúar 1945. 11. jan.
 Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRA

fyrir Verðlaunasjóð félagsins Landnám.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Verðlaunasjóður félagsins Landnám.

2. gr.

Sjóður þessi er stofnaður af Jóni H. Þorbergssyni, en hann er einn lifandi þeirra 5 manna, er skipuðu stjórn félagsins Landnám. En þeir voru, auk hans, Sigurður Sigurðsson, búnaðarmálastjóri, Grímúlfur Ólafsson, tollvörður og bóndi, Pétur Halldórsson, borgarstjóri, og Jón Ólafsson, útgerðarmaður og bankastjóri. Er skipulagsskráin gerð í fullu samræmi við aðaltilgang félagsins og fyrirætlun stjórnarinnar. Félagið Landnám var stofnað í Reykjavík 1924 og starfaði nokkurt árabíl, en er nú hætt störfum fyrir alllöngu, ásamt sams konar félagi norðanlands, sem getið er í næstu grein.

3. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með eign félagsins Landnám, sem er að upphæð kr. 4278.66, sem stendur inni í Landsbankanum í Reykjavík, og með eign Nýbýlafélags Eyjafjarðar og Þingeyjarsýslu, sem er kr. 395.12 og stendur inni í útibúi Landsbankans á Akureyri, og er þá upphæð sjóðsins nú samtals kr. 4773.72.

4. gr.

Sjóðurinn tekur á móti gjöfum og áheitum þeirra manna, er styðja vilja starfsemi hans.

5. gr.

Tilgangur sjóðsins er að verðlauna þá menn, er sýna framúrskarandi dugnað við að byggja og rækta nýbýli á óræktuðu landi í strjálbyggð, og hafi býlið minnst 10 hektara af ræktanlegu landi til umráða, og fullnægi að öðru leyti ákvæðum 6. gr. reglugerðar um nýbýli.

6. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í Söfnunarsjóði Íslands eða ríkistryggðum skuldabréfum og vextir hans leggjast óskiptir við höfuðstólinn þar til hann nemur kr. 20000.00.

7. gr.

Þegar sjóðurinn hefur náð 20 þúsund króna upphæð, má verja $\frac{3}{4}$ hlutum vaxtanna til verðlauna samkvæmt 3. grein, en $\frac{1}{4}$ vaxtanna leggist jafnan við höfuðstólinn, og má hann aldrei skerða.

8. gr.

Stjórn Búnaðarfélags Íslands annast stjórn sjóðsins. Hún sér um ávöxtun hans og reikningsfærslu í sérstakri bók, og skal skipulagsskráin færð inn í hana. Endurskoðendur reikninga sjóðsins skulu vera þeir sömu sem endurskoða reikninga Búnaðarfélags Íslands.

6

11. jan.

9. gr.

Stjórn Búnaðarfélags Íslands ákveður verðlaunaveitingar úr sjóðnum samkvæmt tillögum jarðræktarráðunauts, sem starfar í þjónustu félagsins, eða ráðunauts í nýbýlamálum, ef hann verður skipaður.

10. gr.

Skipulagsskrá þessari verður aðeins breytt á Búnaðarþingi, enda samþykki $\frac{3}{4}$ hlutar búnaðarþingsmanna breytinguna.

11. gr.

Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá þessari og hún birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

Reykjavík, 15. des. 1944.

F. h. stjórnar Búnaðarfélags Íslands.

Steingr. Steinþórsson.

7

11 jan.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð hjónanna Sigurðar Sigurðssonar búnaðarmálastjóra og Þóru Sigurðardóttur“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 11. janúar 1945.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð hjónanna Sigurðar Sigurðssonar búnaðarmálastjóra og Þóru Sigurðardóttur.

1. gr.

Sjóður þessi er stofnaður samkvæmt ákvörðun Búnaðarþings 1942.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er gjafir frá hreppabúnaðarfélögum landsins, búnaðarsamböndum, öðrum stofnunum og einstaklingum til minningar um Sigurð heitinn Sigurðsson, búnaðarmálastjóra, og konu hans Þóru Sigurðardóttur. Stofnfjárhæð þessi er í árslok 1944 kr. 24739.28.

Ágóði af útdregnum vaxtabréfum og $\frac{1}{2}$ hluti vaxtatekna, svo og aðrar tekjur eða gjafir, er sjóðnum kann að áskotnast, skal ávallt leggjast við höfuðstólinn. Þann höfuðstól má aldrei skerða.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrjú menn, skólastjórar bændaskólanna á Hólum og Hvanneyri og einn maður kjörinn af Búnaðarþingi. Ræður stjórnin um styrkveitingar úr sjóðnum. Búnaðarfélag Íslands varðveitir eignir sjóðsins. Skal ávaxta eignir hans á þann hátt, að láta þær á vöxtu í ríkistryggðum bankavaxtabréfum, svo sem jarðræktarbréfum, nýbýlabréfum eða öðrum slíkum. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðendum Búnaðarfélags Íslands.